2611040

From: Hjördís Guðmundsdóttir
Sent: fimmtudagur, 5. nóvember 2026 16:10
Subject: Verum viðbúin – upplýsingar til sveitarfélaga // Efni til miðlunar

Góðan dag aftur,

Eins og við nefndum í síðasta pósti sendum við hér hlekk á efni sem þið getið nýtt í eigin upplýsingamiðlun vegna útgáfu bæklingsins og vefsins *Verum viðbúin*.

Í efninu má finna kynningarefni sem birtist þessa dagana á ýmsum miðlum og hægt er að nýta á vefsvæðum sveitarfélaga, samfélagsmiðlum eða öðrum miðlum eftir því sem hentar hverju sveitarfélagi.

Einnig viljum við benda á að bæklingurinn er aðgengilegur á ensku og pólsku, á íslensku táknmáli og á auðlesnu máli. Þá er jafnframt von á lesnum bæklingi á hljóðformi til að tryggja sem best aðgengi fyrir sem flesta.

Hlekkur á efnið: Fyrir sveitarfélög – Google Drive

Við þökkum ykkur kærlega fyrir að koma upplýsingum um bæklinginn og vefinn á framfæri. Með þeirri sterku tengingu sem þið hafið við íbúa sveitarfélaganna hjálpið þið til við að tryggja að mikilvægar upplýsingar berist sem flestum. Það stuðlar að aukinni vitund um viðbúnað og hjálpar fólki að vera betur í stakk búið til að takast á við óvæntar aðstæður.

Bestu kveðjur,
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Hjördís Guðmundsdóttir

Samskiptastjóri

Almannavarnir

Ríkislögreglustjóri

hg01@almannavarnir.is

Um ábyrgð í tölvupósti rls@rls.is 4442500 - Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík

grænt SKREF

Ert þú á leiðinni til okkar? Bílastæði eru takmörkuð hjá okkur svo við hvetjum þig til að nota umhverfisvænan ferðamáta svo sem ganga, hjóla eða taka strætó.

From: Hjördís Guðmundsdóttir
Sent: mánudagur, 2. nóvember 2026 21:10
Subject: Verum viðbúin – upplýsingar til sveitarfélaga

Upplýsingar um bæklinginn Verum viðbúin og meðfylgjandi skjal, „Spurt og svarað", eru hér send til allra sveitarfélaga landsins, landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Kæru sveitarfélög,

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra gefur á morgun út bæklinginn Verum viðbúin, sem ætlað er að efla viðbúnað almennings og styrkja seiglu samfélagsins. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um hvernig einstaklingar og fjölskyldur geta undirbúið sig fyrir aðstæður þar sem daglegu lífi er raskað og hvert leita megi upplýsinga.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í þessari vinnu þar sem þau eru í nánum tengslum við íbúa og mikilvægur vettvangur upplýsingagjafar og stuðnings. Á undanförnum árum hefur, líkt og víða á Norðurlöndum, verið lögð aukin áhersla á viðbúnað almennings og mikilvægi þess að fólk sé upplýst og undirbúið til að takast á við óvæntar aðstæður. Meðfylgjandi er skjalið **„Spurt og svarað"** fyrir sveitarfélög, sem ætlað er til stuðnings við upplýsingagjöf og samskipti við íbúa í tengslum við útgáfu bæklingsins. Efnið má nýta eftir því sem við á í ykkar miðlun.

Á morgun munum við jafnframt senda efni sem sveitarfélög geta nýtt á vefsvæðum sínum og í öðrum upplýsingamiðlum, ef áhugi er fyrir hendi.

Bæklingurinn kemur út á morgun, þriðjudaginn 3. nóvember og verður þá sendur rafrænt til allra íbúa 18 ára og eldri í gegnum island.is. Á næstu dögum verður prentaðri útgáfu bæklingsins dreift af björgunarsveitum um land allt í tengslum við sölu á Neyðarkallinu. Bæklingurinn verður einnig aðgengilegur á verumvidbuin.is á íslensku, ensku og pólsku. Jafnframt er efnið aðgengilegt á íslensku táknmáli og á auðlesnu máli.

Við þökkum sveitarfélögum fyrir gott samstarf og stuðning við að miðla upplýsingum sem stuðla að auknum viðbúnaði og öryggi og styrkja áfallaþol samfélagsins.

Bestu kveðjur,
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Hjördís Guðmundsdóttir

Samskiptastjóri

Almannavarnir

Ríkislögreglustjóri

hg01@almannavarnir.is

Um ábyrgð í tölvupósti rls@rls.is 4442500 - Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík

grænt SKREF

Ert þú á leiðinni til okkar? Bílastæði eru takmörkuð hjá okkur svo við hvetjum þig til að nota umhverfisvænan ferðamáta svo sem ganga, hjóla eða taka strætó.